


Thomas S. Monson
forseti

Hin dýrmætu loforð Mormónsbókar

Fyrir mörgum árum stóð ég við rúmstokk ungs föður sem háði baráttu við dauðann. Sorgmædd eiginkona hans og börnin þeirra tvö stóðu þar hjá. Hann tók um hönd mína og með bænaraugum sagði hann: „Biskup, ég veit að ég er að deyja. Segðu mér hvað um anda minn verður þegar ég dey.“

Ég baðst fyrir í hljóði um guðlega leiðsögn og veitti athygli að ritningarþrenna var á náttborði hans. Ég teygði mig eftir bókinni og blaðaði í henni. Allt í einu varð mér ljóst að ég hafði af tilviljun lent á 40. kapítula í Alma í Mormónsbók. Ég las þessi orð fyrir hann:

„Sjá! Engill hefur kunngjört mér, að um leið og andar allra manna yfirgefa þennan dauðlega líkama, séu þeir, . . . fluttir heim til þess Guðs, sem gaf þeim líf.

„Og . . . tekið er við öndum þeirra sem réttlátir eru inn í sæluríki, sem nefnist paradís, ríki hvíldar og friðar, þar sem þeir hvílast frá öllu erfiði, áhyggjum og sorgum“ (Alma 40:11–12).

Þegar ég hélt áfram að lesa um upprisuna, birti yfir andliti hans og bros færðist yfir munnvikin. Þegar heimsókn minni lauk kvaddi ég þessa yndislegu fjölskyldu.

Ég sá eiginkonuna og börnin næst í útför hans. Mér verður hugsað til kvöldsins þegar þessi ungi maður sárbað um sannleika og hlýddi á svarið við spurningu sinni í Mormónsbók.

Í Mormónsbók eru fleiri dýrmæt fyrirheit, svo sem um frið og frelsi og aðrar blessanir ef við viljum „þjóna Guði landsins, sem er Jesús Kristur“ (Et 2:12).

Í henni eru fyrirheit um að þeir fái dvalið í „óendanlegri sælu“ sem „halda boðorð Guðs. Því að sjá. Þeir njóta blessunar í öllu, jafnt stundlegu sem andlegu“ (Mósía 2:41).

Á síðum hennar er fyrirheitið um „ólýsanlega gleði“ sem þeir hljóta sem verða „verkfæri í höndum Guðs“ við að bjarga hinum dýrmætu sonum og dætrum hans (Al 28:8; 29:9).

Á síðum hennar er fyrirheitið um að hinum dreifða Ísrael verði safnað saman — verk sem við helgum okkur með hinu undursamlega heimstrúboði okkar (sjá 3 Ne 16; 21–22).

Á síðum hennar er fyrirheitið um að fjölskyldur okkar hljóti blessun, ef við biðjum til föður okkar í hinu helga nafni Jesú Krists (sjá 3 Ne 18:21).

Þegar við lærum efnið á síðum hennar, rættist hið spámannlega fyrirheit um að „andi Drottins verði ríkulegar í lífi okkar og á heimilum okkar, að staðfesta okkar aukist við að halda boðorð hans og vitnisburður okkar styrkist um raunveruleika sonar Guðs“¹

Og á síðum Mormónabókar er fyrirheit Morónís um að fyrir bæn, einlægán ásetning og trú á Krist, getum við fengið að vita sannleiksgildi þessara fyrirheita „fyrir kraft heilags anda“ (sjá Moró 10:4–5).

Ásamt öðrum síðari daga spámönnum, ber ég vitni um sannleiksgildi þessarar bókar sem er „réttari en allar aðrar bækur á jörðinni,“² já, Mormónsbókar, annars vitnis um Jesú Krist. Boðskapur hennar fer líkt og eldur í sinu um jörðina og veitir lesendum þekkingu á sannleikanum. Ég ber vitni um að Mormónsbók breytir lífi fólks. Megum við öll lesa hana oft. Og megum við af gleði miðla öllum börnum Guðs vitnisburði okkar um hin dýrmætu fyrirheit hennar.

HEIMILDIR

1. Gordon B. Hinckley, „A Testimony Vibrant and True,“ *Liahona*, ágúst 2005, 6.
2. *Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith (2007)*, 64.

HVERNIG KENNA Á BOÐSKAPINN

Í ritningunum „finnum við reglur sannleikans, sem greiða úr öllum flækjum, vandamálum og kreppum, er mannkynið stendur frammi fyrir“ (*Teaching, No Greater Call* [1999], 51). Þegar þið miðlið boðskap Monsons forseta með fjölskyldunni, biðjið hana þá að taka eftir hinum „dýrmætu fyrirheitum“ sem hann tilgreinir í Mormónsbók. Þið getið sagt frá fyrirheiti í Mormónsbók sem ykkur hefur verið mikilvægt.

© 2011 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn. Printed in Germany.
Samþykkt á ensku: 6/10. Þýðing samþykkt: 6/10. Þýðing á *First Presidency Message*, October 2011. Icelandic. 09770 190



Trú • Fjölskylda • Líkn

Ef við efumst ekki

Lærið efnið og ræðið það við systurnar sem þið heimsækið, eins og við á Nýtið spurningarnar ykkur til hjálpar við að styrkja systurnar og gera Líknarfélagið að virkum þætti í lífi ykkar.

Í Mormónsbók lesum við um framúrskarandi unga menn, sem voru sérlega hugprúðir, kjarkmiklir og sterkir. „Já, þeir voru menn sannleika og árvekni, því að þeim hafði verið kennt að halda boðorð Guðs og ganga grandvarir frammi fyrir honum“ (Al 53:21). Þessir ungu menn virtu mæður sínar — fordæmi þeirra og kennslu.

Mæður stríðsmanna Helamans lifðu á tíma ekki svo ólíkum okkar. Aðstæður þeirra voru erfiðar og hættulegar og unga fólkið var beðið að koma stundlegu og andlegu frelsi til varnar. Við lifum nú í heimi þar sem „baráttan, sem vér eigum í, er ekki við menn af holdi og blóði, heldur við tignirnar og völdin, við heimsdrottna þessa myrkurs, við andaverur vonskunnar í himingeimnum“ (Efe 6:12).

Erfiðir tímar krefjast sterkra foreldra og fordæma, sem kenna þann sannleika sem stríðsmenn Helamans þekktu: „Ef þeir efuðust ekki, mundi Guð varðveita þá“ (Al 56:47). Það krefst árvekni að kenna og lifa eftir þessum sannleika á okkar tíma. Við þurfum þó ekki að óttast. Þegar mæður vita hver við erum og hver Guð er, og við höfum gert sáttmála við hann, munum við — líkt og þessar mæður — hafa mikil áhrif til góðs.

Líklegast hafði hver hinna 2.060

stríðsmanna Helamans orðið fyrir áhrifum móður. En mæður þessar unnu verkið ekki einar. Mæður þessar hljóta að hafa sameinast öðrum réttlátum körlum og konum í trú og fordæmi til að kenna mátt sáttmálanna. Ungu fólkið á þessum tíma skildi sáttmálana sem foreldrar þess hafði gert um að taka ekki þátt í stríðsátökum. Og jafnvel þótt öll sund virtust lokuð, sá kærleiksríkur himneskur faðir þessum foreldrum fyrir leið til að halda sáttmála sína — og varðveita frelsi sitt (sjá Al 56:5–9). Við verðum á sama hátt að virða sáttmála okkar, svo að börn og unglingar — okkar eigin börn og þau sem eru í deildum okkar, greinum, nágrenni og samfélögum — skilji og styðji sáttmálsrækni.

Þegar við virðum sáttmála okkar, getur himneskur faðir séð okkur fyrir leið. Okkur ber að lifa algjörliga eftir sáttmálum okkar. Við getum til að mynda verið rækin við bænir okkar og ritningarnám, haft gild musterismedmæli, klætt okkur siðlega og haldið hvíldardaginn heilagan. Þegar við gerum það, munu börn okkar vita af því og geta sagt: „Við efum ekki, að mæður okkar vissu það“ (Al 56:48).

Síðari daga heilagra konur, sem er ljóst að styrkur þeirra á rætur í friðþægingu Drottins, leggja ekki árar í bát þegar á móti blæs og

erfiðleikar steðja að. Okkur ber, sem sáttmálsverðir, að skara fram úr í því að styðja, ala upp og vernda börn okkar og unglinga, svo við fáum dag einn sagt um þá kynslóð: „Aldrei hef ég séð þvílíkt hugrekki, nei, ekki meðal allra“ (Al 56:45).

Julie B. Beck, aðalforseti Líknarfélagins.

Úr ritningunum

Alma 53; 56–58

Hvað get ég gert?

1. Hvernig get ég hjálpað systur mínum að skilja og láta reyna á getu þeirra til að hafa áhrif á hina upprennandi kynslóð?
2. Hvaða handleiðslu finn ég í Mormónsbók til að takast á við núverandi erfiðleika mína?

Frekari upplýsingar eru að finna á www.reliefsociety.lds.org.